



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Egilsstöðum 28. janúar 2014

Atvinnuveganefnd Alþingis
nefndarsvid@althingi.is

Efni: Umsögn Héraðs- og Austurlandsskóga um tillögu til þingsályktunar um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu, þingskjal 273 - mál 211.

Héraðs- og Austurlandsskógar (HASK) fagna fram komnum tillögum um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar. Skógrækt á Íslandi stendur nú á þeim tímamótum að vera farin að skila afurðum og „alvöru“ atvinnugrein að mótast. Til þess að ekki komi hnökror í þá samfellu sem iðnaður framtíðarinnar þarf í aðfangakeðju er brýnt að auka gróðursetningar á ný en verulega hefur úr þeim dregið á undanförunum árum. Einnig er mjög mikilvægt að stutt verði vel við úrvinnsluna í upphafi á meðan hún er að ná almennilegri rótfestu.

Athugasemdir HASK við efnisliði tillögunnar eru eftirfarandi:

Liður a. Tekið er af heilum hug undir nauðsyn þess að efla rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt. Sem dæmi má nefna þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað undanfarin ár í þekkingu á afkastagetu skóga hérlendis, úrvinnslu afurða og markaðsmálum í timburframleiðslu. Athugasemd er gerð við að hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf er eingöngu nefnt á sviði skógræktar þótt lagt sé til að stofnanir séu sameinaðar. Til þess að sátt náist um viðamikla sameiningu er nauðsynlegt að áherslur séu dreifðar.

Liður b. Mörg tækifæri liggja í sameiningu stofnana á sviði skógræktar og landgræðslu og eðlilegt að skoða það af opnum hug. HASK leggur áherslu á nauðsyn þess að fyrir liggji fjárhagsleg greining á áhrifum sameiningar áður en lagt er af stað með hana. Þá má

ekki líta fram hjá byggðarsjónarmiðum við uppstokkun stjórnkerfisins. Ekki er dregið úr mikilvægi faglegrar styrkingar við sameiningu en nú þegar er löng hefð fyrir samvinnu stofnananna og margar þeirra eru með sameiginlegar starfsstöðvar.

Bent er á mikilvægi þess að allar stofnanir og verkefni sem flokkast með málaflokki s.s. Hekluskágar og Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar sem hér eru ekki nefnd, verði með í sameiningu ef af verður.

Lagt er til að liður b verði orðaður svo „færa Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, landshlutaverkefni í skógrækt, Hekluskága og Landgræðslu og skógrækt í þágu landbúnaðar í eina stjórnsýslueiningu að því gefnu að fjárhagsleg greining á sameiningunni sýni af henni hagræðingu“

Liður c. Lengi hefur verið talað um nauðsyn þess að setja ný skógræktarlög á Íslandi. Verði af þeirri stjórnkerfisbreytingu sem tillagan innifelur verður ekki hjá því komist að endurskoða og samræma bæði skógræktarlög og önnur lög er málaflokkinn varða.

Liður d. Rammaáætlun til þriggja ára til eflingar skógrækt yrði vissulega til að auka rekstrarlegt öryggi landshlutaverkefnanna en er tæplega nógu langur tími. Einn stærsti útgjaldaliður verkefnanna eru plöntukaup og um þau er samið með útboði til nokkurra ára í senn. Frækaup og annar undirbúningur ásamt ræktunartíma skógarplantna tekur langan tíma og nauðsynlegt að taka tillit til við áætlanagerð.

Breytingar á fyrirkomulagi s.s. með aðkomu sérstakra skógræktarsjóða er áhugaverður kostur og rétt að skoða vel.

Greinagerð: Í greinagerð með þingsályktunartillögu er komið víða við og margt þar sem þarfnast nánari skoðunar. Ekki eru að sinni gerðar efnislegar athugasemdir við greinagerð með tillögnum.

F.h Héraðs- og Austurlandsskóga


Ólöf I Sigurbjartsdóttir
framkvæmdastjóri